

Fundur 16.9.2024 Edvald D. Jensen læknir, frá nítjándu öldinni.

Komið þið öll blessuð og sæl.

*Sæll og blessaður og velkominn.*

Ekki hef ég talað til ykkar áður, en mögulegt er það að ég komi í staðinn fyrir Dungal í framtíðinni nokkrum sinnum, ef hann verður upptekinn.

Hef ég verið viðloðandi þetta starf í nokkuð langan tíma og vil ég segja deili á mér. Hef ég einnig að sérsviði rannsóknir á margskonar kvillum sem berast til helstefnu hnattanna eins og gömlu jarðarinnar minnar þar sem þið dveljið nú, og langaði mig að fjalla um það lítillega hér í kvöld.

Vona ég að ég geti nefnt nafn mitt, það mundi verða betra, ég sinnti margskonar störfum á jörðinni, Íslandi og þegar ég kom í, er hér í öðru framlífi mínu.

Þegar ég kom á fyrsta framlífs hnött minn, þá tók ég á móti fjölmörgum sjúklingum sem dáíð höfðu úr Spönsku veikinni á jörð ykkar og þykir ykkur vafalaust fróðlegt að fá að vita það að sú veiki barst til annarra frumlífs hnatta og er það mikil saga hvernig sú veira var hönnuð og sett niður á þessa hnatti til að valda skaða.

Og rannsökuðum við veiru þessa þegar sjúklingar sem við vorum að annast og fengum nokkuð góða hugmynd um hana.

Og í starfi mínu í áratugina á eftir, á fyrstu framlífs jörð minni, hélt ég áfram því starfi og þeim rannsóknum.

Heiti ég, Edvald D. Jensen, starfaði í Kaupmannahöfn og víða á Íslandi á nítjándu öldinni og meðal annars á Akureyri og ýmsum litlum kaupstöðum og vann við rannsóknarstörf á seinni hluta æfingar og ritaði eitthvað og sinnti ýmsu.

Hef ég hér orðið öflugur í framlífi og mun ég kannski einhvern tímann koma í staðinn fyrir Dungal ef hann er upptekinn, en vil ég hér áður en ég fer, segja nokkur orð um sýkingu þá sem lennti á jörð ykkar fyrir nokkrum árum og sýkti alla heimsbyggðina, og nefnd var Covid.

Ekki teljum við að sú veira hafi að fullu verið hönnuð og framleidd af mannlegri fólksku, heldur eru slíkar uppfinningar magnaðar frá Vítunum og koma því fram sem nokkurs konar samstilling til ills og eru þar fáeinir ofurríkir á ykkar jörð sem eru þeirrar skoðunnar að fólk sé of margt á jörðinni, en út í það mun ég ekki fara, heldur vil ég fjalla um það að ein af afleiðingum þessarar veiru getur verið máttleysi og einnig gleymaska, þar sem heilafrumur eyðast og líkamsfrumur ýmsar skaðast.

Og mun það vera hluti af ráðatilhögun Jahves, um að minnka samstillingu á milli fólks og að minnið rýrni, þannig að fólk verði leiðitamara í margskonar lýðstjórnun sem komið er á með aðferðum tækninnar, að sumu leiti og vil ég því hvetja ykkur til að halda börnum frá snjallsímum og annarri tækni og að þau þrói með sér lestur og útivist og sinni þannig áhugamálum og spyrji sjálf sig spurninga.

Erum við þess meðvituð að ýmiskonar farsóttir er verið að framleiða og reynt að koma til ykkar jarðar af helstefnu öflunum og yrði það fróðlegt fyrir ykkur ef okkur tækist að senda til ykkar sambönd þar sem einstaklingar á öðrum frumlífs jörðum segja frá reynslu sinni og hvernig fólk hefur þar komist yfir slíka erfiðleika.

Já nafn mitt er Edvald og kveð ég ykkur nú og mun ég væntanlega koma síðar, þakka ég fyrir mig, fyrir gott hljóð og góða orku í salnum og jákvæða, verið þið sæl.

Gangi ykkur sem best.

*Vertu blessaður og þakka þér fyrir komuna.*